

Nokkrar athugasemdir við drög að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland

a) Kafli 5.4

Í kafla 5.4 er fjallað um afhendingaröryggi raforku og tilgreint sem markmið að “landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt”

Þetta er frekar óskýrt orðalag og torvelt að átta sig á hvað átt er við. Í landi eins og Íslandi sem er sérstaklega strjálbýlt utan höfuðborgarsvæðisins, auk þess sem veðurfar er erfitt, kann að þurfa að ganga ansi langt í tilkostnaði ef tryggja á sambærilegt afhendingaröryggi alls staðar á landinu. Að sama skapi er samfélaginu mikilvægt að búa við sambærileg skilyrði og tíðkast í þeim löndum sem við helst viljum bera okkur saman við. Hér er eðlilegt að leitast við að hámarka þjóðhagslegan ávinning af tryggri afhendingu og hagkvæmni við uppbyggingu raforkukerfisins, en tryggja þó öllum landsmönnum ákveðin lágmarksgæði í stíl við það sem gerist hjá grannþjóðum okkar.

b) Kafli 5.7 og 8.5

Í kafla 5.7 er fjallað um hvernig efla má orkuöryggi með því að auka fjölbreytni orkugjafa og draga úr þörf fyrir innflutt eldsneyti m.a. með “dreifðari orkuvinnslu í smærri einingum víða um land”. Sett er fram sem markmið að “hvetja til dreifðari, smærri orkuvinnslukosta jafnhliða öðrum.” Í þessu skyni verði samstarf og samráð auki milli aðila sem hafi með höndum framkvæmda- og rekstrareftirlit með smávirkjunum til þessa að hvetja til frekari uppbyggingar smávirkjana.

Hér er áherslan því miður á of smáar virkjanir til að þjóna ofangreindu markmiði af nokkurri skynsemi. Svokallaðar smávirkjanir héraendis eru flestar afar smáar, eða nokkur hundruð kW upp í fáin MW. Rekstraröryggi smávirkjananna er alla jafna lakara en svo að notendur geti eingöngu reitt sig á þær og því verður fullnægjandi dreifi- og flutningskerfi alltaf að vera tiltækt, ásamt tiltæku afli í hefðbundnum orkuverum. Í reynd skapa þær áraun á raforkukerfið í stað þess að létta undir með því og vart hægt að líta svo á að þær auki orkuöryggi. Tilgreindu markmiði yrði betur þjónað með miðjungi stórum virkjunum, á bilinu 10 – 100 MW, sem dreifðust um landið þannig að þær gætu þá þjónað ákveðnum landshlutum og / eða notendahópum á eigin spýtur.

Sama misskilnings gætir einnig í kafla 8.5 þar sem lagt er til að áhersla verði lögð á raforkuframléiðslu sorpbrennslustöðva á þeim stöðum “þar sem mest þörf er á að styrkja raforkukerfið með staðbundinni orkuframléiðslu”. Smáar vinnslueiningar eins og sorpbrennslustöðvar styrkja ekki raforkukerfið heldur íþyngja dreifikerfinu þar sem tryggja þarf aukið skammhlaup í kerfinu til þess að mæta sveiflum í orkuvinnslu.

c) Kafli 8.1

Í kafla 8.1 er fjallað um orkusparnað, en kafli 8 fjallar almennt um háþöskun þjóðhagslegrar hagvæmni. Hér mætti skilja sem svo að skýrsluhöfundar telji að orkusóun og minnkun orkukostnaðar auki undantekningarlaust þjóðhagslega hagkvæmni. Það er að sjálfsgöðu ekki alls kostar rétt, enda má lengi beita ýmsum úrræðum til að draga úr orkunotkun séu fjárráð ótakmörkuð. Hér mætti að ósekju bæta við fyrirvara um hagkvæmni lausna, t.d. “eins og við á” ellegar “að teknu tilliti til þjóðhagslegrar hagkvæmni”.

d) Kafli 8.2

Í kafla 8.1 er fjallað um rafhitun húsa og leiðir til að draga úr henni, en kafli 8 fjallar almennt um háþöskun þjóðhagslegrar hagvæmni. Hér mætti skilja sem svo að skýrsluhöfundar telji að rafhitun sé ávallt dýrari kostur til húshitunar en aðrir möguleikar og sérstaklega tilgreint að auka skuli hlutdeild annarra orkugjafa og notkun varmadæla. Hér er nauðsynlegt að gæta að þjóðhagslegri hagvæmni og skynsamlegt að bæta við t.d. “eins og við á” ellegar “að teknu tilliti til þjóðhagslegrar hagkvæmni”.

e) Kafli 10.3.2

Í kafla 10.3.2 er m.a. fjallað um rafbíla (rafbíla og tengiltvinnbíla) sem kosti til þess að auka innlenda framleiðslu á orkuberum og eldsneyti sem komi í stað jarðefnaeldsneytis.

Þróun á sviði rafbíla er nú mjög hröð og ljóst að á næstu árum mun verða alger bylting hvað varðar möguleika á notkun rafbíla. Er sú bylting raunar þegar hafin. Þeirrar þróunar mætti að ósekju gæta á metnaðarfullri hátt en hér er gert.